



LANDSSAMBAND  
smábátæigenda

KLAPPARSTÍG 27- PÓSTHÓLF 163  
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922  
PÓSTFAX 562-6590

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/167*  
*komudagur 19.11.2001*

16. nóvember 2001

**Sjávarútvegsnefnd Alþingis**

**Einar K. Guðfinnsson formaður**

**150 Reykjavík**

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (krókaafلامarksbátar), 193. mál.

Landssamband smábátæigenda hefur frá ársbyrjun 1999 barist gegn því að sú lagasetning sem Alþingi þá samþykkti um veiðar krókabáta, kæmi til framkvæmda. Sú varð hins vegar raunin þann 1. september s.l. Löggjafarsamkoma þjóðarinnar kaus að gera ekkert til að koma í veg fyrir þann gjörning.

Þessi niðurstaða eru ein mestu vonbrigði sem trillukarlar hafa reynt í sinni réttindabaráttu. Eins og margsinnis hefur komið fram gerði LS samkomulag við sjávarútvegsráðherra á árinu 1996 sem lagði grunn að frekari vinnu aðila um þessi mál. Framkvæmdin rífur í einu og öllu þá sátt sem þar skapaðist.

Mörgum kann að finnast sú staðreynd léttvæg hafi til framkvæmdar laganna verið lögð sannfærandi lögfræðileg, fiskfræðileg og hagfræðileg rök. Svo er hins vegar alls ekki. Sú viðbára að stjórnkerfi krókabáta sem afnumið var 1. september s.l. sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins er fráleit og stenst enga rökræðu. LS fékk þá Sigurð Líndal lagaprófessor og Skúla Magnússon lektor til að svara nokkrum grundvallar spurningum varðandi stöðu mála í ljósi fallinna dómsmála (Valdimarsdómur 1998 / Vatneyrardómur 1999). Niðurstaða þeirra félaga er skýr og hefur í engu verið hrakin. Minnisblað sjávarútvegsráðherra vegna álitsgerðar Sigurðar og Skúla er afar veikburða og hrekur með í engu niðurstöður þeirra. Í minnisblaðinu er talað undir rós um hluti sem Sigurður og Skúli afgreiða skýrt og skorinort.

Vart þarf að tíunda að fiskifræðileg rök finnast engin fyrir þessari framkvæmd. Þvert á móti er hægt að sýna fram á að efling krókaveiða er aðferð sem hægt er að beita til verndunar og viðhalds fiskistofnum. Þá hlýtur eitt af megin viðfangsefnum náinnar framtíðar að vera að skoða árangur Hafró í sögulegu samhengi. Áratuga reynsla liggur nú fyrir af þeirri aðferðarfræði að elta tillögur stofnunarinnar um flesta hluti. Ástand fiskistofnana er vart hughreistandi í þessu samhengi.

Hin hægfræðilegu rök er heldur ekki að finna. Framkvæmd laganna eykur atvinnuleysi og byggðavanda ásamt því að gera atvinnutæki og eignir manna verðlaus. Þá er löngu vitað að fjölmargir þættir í rekstri smábátaútgerðarinnar eru hagkvæmari en í útgerð stærri báta og skipa. Mörgum þessara þátta er hins vegar lítill gaumur gefinn og jafnvel haft í flimtingum um suma þeirra (minni olíunotkun smábáta en togara = Líú forystan hefur gert grín að þessu á opinberum vettvangi). Þá hafa útreikningar, t.d. Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands, sýnt ótvírætt að afkoma smábátaútgerðarinnar er betri en annarra útgerða.

Megin markmið laganna um stjórn fiskveiða koma fram í 1. grein þeirra og óþarfi að tíunda hér. LS fær ekki með nokkru móti séð hvernig framkvæmd laganna samrýmist þessum markmiðum, né markmiðum laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Þá hafa íslensk stjórnvöld undirritað alþjóðlegar yfirlýsingar á borð við Rio sáttmálann en í honum er kveðið á um eflingu smábátaveiða og smárra strandveiðisamfélaga.

Það væri, í ljósi þess er hér hefur verið rakið, mun aðveldara að skilja stöðu mála, ef löggjafinn styddist í gjörðum sínum við greinilegan vilja almennings í landinu. En því er ekki að heilsa. Tvær skoðanakannanir á árinu sýna mjög afdráttarlaust að almenningur styður sjónarmið og rök smábátaeigenda og vill að löggjafinn taki til þeirra sérstakt tillit.

Með því að þvinga fram þá óþolandi stöðu sem stór hluti smábátaflotans er í eftir 1. september er eingöngu verið að þjóna þeim aðilum sem vilja smábátaútveginn feigan og tilbúnir að fórna miklu til að sjá þann draum sinn rætast.

-----

Eins og fyrr segir eru vonbrigði smábátaeigenda gríðarleg með framvindu mála og þá staðreynd að ekkert hefur verið aðhafst til að nálgast þá á sáttagrundvelli. Þvert á móti hafa jafnvel verið gerðar tilraunir til að koma af stað sundrunu í þeirra röðum, tilraunir sem mistókust hrapalega.

Dagana 23. og 24. október sl. hélt LS sinn 17. aðalfund. Aðalályktun fundarins lýsir hug fundarmanna betur en margt annað og er því rituð hér í heild:

„Á undanförunum árum hafa fjölmargar hinna minni strandbyggða hafið kröftuga sókn í uppbyggingu atvinnulífs og búsetu. Útgerð smábáta og umsýslan sem línuútgerð þeirra kallar á hefur leikið þar megin hlutverk. Þessi ánægjulegi viðsnúningur úr langvarandi hnignun og samdrætti gaf íbúum byggðanna von og kjark og ekki síst trú á að þau markmið sem Alþingi festi í lögum um stjórn fiskveiða, hefðu, þegar upp væri staðið, dýpri þýðingu en bleikið sem þau voru skrifuð með.

Þúsundir íbúa með ströndum fram hafa þar af leiðandi litið svo á að framlag kvótakerfisins til hinna minni strandbyggða sé krókakerfið, kerfi sem hefur þá sérstöðu að virkja alla bestu eiginleika smábátaútgerðar- innar og drifkraft og útsjónarsemi einstaklingsframtaksins.

Í kjölfar þessarar jákvæðu þróunar hefur hugvit og handverk fjölmargra framleiðslu- og þjónustuaðila blómstrað, jafnvel svo mynduglega að orðspor þess hefur farið langt út fyrir landsteinana.

Í einu vetfangi hefur löggjafarsamkoma þjóðarinnar umturnað þessari þróun og upprætt þá bjartsýni sem einkenndi orðið líf og störf íbúanna. Í einu vetfangi hafa eignir, atvinna og verðmætasköpun sú sem þessi þróun framkallaði að engu orðið hjá fjölmörgum smábátaeigendum, með tilheyrandi margfeldisáhrifum.

Það er með ólíkindum að á tímum þegar endalaust eru kallaðir til sérfræðingar sem meta skulu áhrif alls og einskis, hafi því í engu verið sinnt að rannsaka fyrirfram áhrif þeirra lagabreytinga sem yfir dundu 1. september sl. og þýddu gríðarlegar breytingar í rekstrarumhverfi útgerðarflokks með 10 milljarða króna verðmætasköpun og gífurlega atvinnuuppbyggingu.

Sú sátt sem fjölmargir töldu að væri innan seilingar er því úti hafsauga.

Ástæða alls þessa er látlaus flótti frá þeirri staðreynd að árangur kvótakerfisins við uppbyggingu fiskistofna er hörmulegur. Við upphaf kvótakerfisins var heildarveiði fiskiskipaflotans á helstu botnlægum tegundum u.þ.b. 550 þúsund tonn en eftir þrotlaust og óeigingjarnt uppbyggingarstarf síðustu 18 ára er veiðin komin niður í 400 þúsund tonn og viðkomandi stofnar flestir í sögulegum lágmarkum.

Fundurinn lýsir furðu sinni og áhyggjum af því að stjórnvöld vogi sér að halda því fram að hér séu stundaðar ábyrgar fiskveiðar sem sé öðrum til eftirbreytni.

Þvert á móti ætti helsta verkefni stjórnvalda að vera að einhenda sér í að kanna hvort ekki séu aðrar leiðir vænlegri og vill fundurinn

sérstaklega benda á það fiskveiðikerfi sem Færeyingar hafa nú notað um skeið með athyglisverðum árangri.

Svo fjarri er umræðan um þessi grundvallaratriði, að helst er að skilja að vandinn sem leysa þurfi sé með hvaða hætti skuli skattleggja sjávarútveginn umfram það sem nú þegar er gert. Þessu mótmælir fundurinn harðlega. Að ætla það grundvöll til sátta að núna aukinni skattlagningu í þau sár sem nýjustu lagabreytingar eru að valda þeim strandbyggðum sem hér um ræðir, er fráleitt.

Réttindabarátta trillukarla hefur frá upphafi kvótakerfisins verið brjóstvörn hinna smærri strandbyggða. Skilningur almennings hefur verið mikill á málstað og rökum trillukarla og þakkar fundurinn þann stuðning heilshugar.

Það er höfuðkrafta Landssambands smábátæigenda að krókaveiðar hafi skýlausan forgang við stjórnun fiskveiða og að strandbyggðirnar hafi aðgang að þeim miðum sem í upphafi grundvölluðu búsetuna. Þannig er von til að sátt geti skapast milli veiðimanna og náttúru, sátt sem leiðir sjálfkrafa til friðar meðal þjóðarinnar“.

-----

Á undanförunum hálfum öðrum áratug hefur Landssamband smábátæigenda lagt fyrir Alþingi mikið magn af gögnum til stuðnings málflutningi smábátæigenda. Í ljósi ríkjandi aðstæðna er vissulega freistandi að safna saman sem fylgiskjölum hluta þessara gagna ef það mætti verða til þess að endurnýja áhuga einhverra á að kynna sér innihald þeirra. Undirritaðir tóku hins vegar þá ákvörðun að gera það ekki en hvetja nefndarmenn til að kalla eftir þeim upplýsingum til félagsins sem þeir kunna að hafa áhuga á.

Með þessari umsögn er gerð grein fyrir samþykktum aðalfundar LS 2001 og bent á atriði í frumvarpinu sem undirrituðum þykir ástæða til. Það skal sérstaklega tekið fram að þó hér sé fjallað um einstök atriði frumvarpsins og tæknileg atriði því tengdu, þýðir það enga afstöðubreytingu smábátæigenda gagnvart frumvarpi eða þeirri þróun sem hér var að framan rakin.

-----

## Umsögn

1. gr. Engin athugasemd.

2. gr. Greinin setur í lög að sömu reglur gildi um krókaafلامark og aflamark hvað varðar:

1. framkvæmd flutninga aflaheimilda
2. útreikning krókaafلامarks
3. undirmálsafla
4. flutning krókaafلامarks milli ára
5. tegundatilfærslu
6. útflutningsálag
7. krókaafلامlutdeild / aflalutdeild
8. krókaafلامark / aflamark

Í 10. gr. laga, um stjórn fiskveiða, er tekið á tl. 3, 4, 5, og 6. LS gerir ekki athugasemd við að krókaafلامark falli undir ákvæði greinarinnar.

12. grein laganna fjallar um tölulíð 1.

LS fellst á ákvæði um 50% veiðiskyldu annað hvert ár.

LS hafnar hins vegar alfarið að félagsmönnum sé blandað inn í kjaradeilu Sjómannasambandsins og LÍÚ. Er hér átt við að fyrir liggja samningar útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem byggð eru á ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Þá hafnar LS því að óheimilt verði að flytja meira en 50% veiðiheimilda af krókabát innan ársins. Að sögn kvótamiðlara hefur ákvæðið reynst haldlítið, þar sem nóg framboð hefur verið af verðlitlum tegundum sem ekki hefur reynst unnt að veiða. Krókaafلامarksbátar hafa ekki heimild til að flytja á sig aflamark í öllum tegundum og hafnar LS alfarið að vera þátttakandi í slíkum skrípaleik. Að lokum skal það tekið fram að ákvæðið er einnig komið inn vegna illvígra kjaradeilna sem LS frábiður sig að vera aðili að.

LS gerir ekki athugasemdir varðandi tölulíði 2, 7 og 8.

Rétt er að vekja athygli á að frjállega var farið með staðreyndir í 3. og 4. gr. athugasemda með frumvarpi til L. nr. 1/1999 er felldur var út 1. tl. 7.

gr. laganna. Þar var kveðið á um að áður en leyfðum heildarafla væri skipt á grundvelli aflahlutdeildar skyldi draga frá áætlaðan afla báta er stunda veiðar með línu og handfærum. Í aths. er sagt að „breytingar samkvæmt þessum greinum leiðir af afnámi 6. gr. og þarfnast þær ekki frekari skýringa”.

Er meirihluti sjávarútvegsnefndar gerði breytingar á frv. með því að innleiða aftur 6. gr., sem þá gildi eingöngu um sóknardagabáta, leiddi það af sér að tölulíðurinn gildi aðeins um þann bátaflokk.

Í samkomulagi sjávarútvegsráðherra og LS frá 1996 (frumvarpið sem ráðherra lagði þá fram og varð að lögum) er skýrt tekið fram að 13,75% sé sú lágmarkshlutdeild sem krókabátum beri í þorski. Við framkvæmd L. nr. 1/1999 1. september sl. leiddi umrædd breyting til þess að skerðing á þorksveiðiheimildum krókaafلامarksbáta sem áður voru í þorskaflahámarki varð meiri 1. september sl. en annarra skipa. Þannig að bátarnir haldi rétti sínum verður að bæta við 3,46%.

Tillaga LS er sú að tölulíðir 1-3 í 7. gr. verði felldir brott, er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með ákvæði 3. gr. þessa frumvarps að aukaúthlutanir skerði ekki hlut annarra.

**3. gr.** Greinin fjallar um sérstakar veiðiheimildir til krókaafلامarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafلامarksbáta.

LS leggur til að í stað þess að ráðherra „sé heimilt”, skuli koma ráðherra „skal”.

LS vekur athygli á samþykkt 17. aðalfundar þar sem ályktað er um byggðakvóta.

„Aðalfundur LS samþykkir að byggðakvóti sem talað er um í frumvarpinu verði veiddur á króka af dagróðrabátum.”

**4. gr.** Greinin fjallar um að heimilað verði að landa 5% af afla hveffarar veiðiferðar utan kvóta. LS telur ákvæðið geta leitt til minna brottkasts.

LS gerir athugasemdir við fasta krónutölu sem greidd er til útgerðar og áhafnar, hvatning sem í því felst er ekki nógu sterk. Í staðinn leggur LS til að miðað verði við hlutfall af söluverði og verði 30%.

Í greininni er lagt til að fé sem þannig safnist skuli renna til Hafró. LS er

andvígt því að ein stofnun sjávarútvegsins sé þannig dregin út og leggur til að fé sem þannig safnast skuli lagt í sjóð sem úthlutað verði úr árlega til stofnana eða aðila innan sjávarútvegsins. Má þar, auk Hafró, nefna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, fyrirtæki sem vinna að þróun og markaðsstarfi nýrra sjávarafurða, sjávarútvegsdeildir Háskólanna og sjálfstætt starfandi vísindamenn, svo eitthvað sé nefnt.

**5. gr.** Greinin kveður á um að óheimilt sé að flytja krókaafhlutdeild á 6 brl. eða 6 brt. og stærri. LS gerir ekki athugasemdir við greinina.

**6. gr.** Greinin heimilar jöfn skipti krókaafلامarks og aflamarks. LS er andvígt ákvæði þessarar greinar. Aðalfundur LS ályktaði um þetta atriði.

**„Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um færslu aflaheimilda úr krókaafلامarkskerfi í aflamarkskerfi.“**

**7. gr.** Í 1. mgr. er kveðið á um að varanleg hlutdeild krókabáta í ýsu, steinbít og ufsa verði hækkuð. LS gerir ekki athugasemdir við orðalag greinarinnar.

Í 2. mgr. kveðið á um að auk hlutdeildar í þorski, ýsu, steinbít og ufsa, skuli krókabátum úthlutað hlutdeild í keilu, löngu og karfa. LS gerir ekki athugasemdir við orðalag greinarinnar. LS telur rétt að vekja athygli á að kvótasetning þessara tegunda er með öllu óþörf, þar sem bein sókn í þær kemur vart til.

Í 3. mgr. er lagt til að á fiskveiðiárinu verði veiðiheimildir krókabáta auknar á fiskveiðiárinu um 200 tonn í ýsu og 600 tonn í steinbít. LS telur að þó þarna sé verið að koma til móts við þann gríðarlega vanda sem skapast af kvótasetningu krókabáta muni hún á engan hátt duga. Á það jafnt við magn og tímalengd.

Í 4. mgr. er kveðið á um að við ákvörðun á veiðireynslu skuli taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta. Auk þessa sem hér er nefnt telur LS að óhjákvæmilegt sé að taka einnig tillit til óviðráðanlegra frátafa frá veiðum (veikindi, tjón á bát og fleira), til að slík mál komi til álita skal samfelld frátöf vera a.m.k. 1 mánuður.

Í 5. mgr. er bátum sem stunduðu veiðar í þakkerfum á sl. fiskveiðiári gefinn kostur á að flytja sig úr krókaafلامarki yfir í sóknardagakerfi. LS telur rétt að þessi valkostur gildi einnig um þá báta sem voru í umræddum kerfum

fiskveiðiárið 1999/2000, en kusu þá að flytja sig yfir í þorskaflahámark. Gert verði að skilyrði að hlutdeild þeirra sem þennan kost velja sé ekki minni en hún var þegar þeir fluttust yfir í krókaflamarkið eða þorskaflahámarkið.

Aðalfundur fjallaði sérstaklega um þakkerfið:

„Aðalfundur LS telur að endurvekja þurfi svonefnt þakkerfi (40 dagar - 30 tonn). Takist það ekki fái þeir sem voru í því kerfi að velja á milli krókaflamarks og sóknardaga.“

### **Veiðikerfi sóknardagabáta**

LS krefst þess að inn í frumvarpið verði sett ný grein sem fjallar um sóknardagakerfi krókabáta. Þar verði heimilað að færa 20% af sóknardögum frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta, ennfremur að sóknardagar á fiskveiðiarinu verði 23 og fellt úr lögunum ákvæði um fækkun sóknardaga um 10% á hverju fiskveiðiári. Ennfremur leggur LS til að sóknardagar verði umreiknaðir í klukkustundir og sjálfvirka tilkynningakerfið, sem nú er komið í alla þessa báta, látið sjá um talningu sóknareininga.

Ályktanir aðalfundar tengdar þessum lið eru eftirfarandi:

- Aðalfundur leggur til að sóknardagar verði að lágmarki 23 og dögum muni fjölga í hlutfalli við aukningu leyfilegs heildarafla í þorski. Einnig leggur fundurinn til að flutningur daga á milli báta verði ekki háður öðrum takmörkunum en stærðartakmörkunum.
- Aðalfundur leggur áherslu á að heimilað verði að flytja allt að 20% af úthlutuðum sóknardögum milli ára.
- Aðalfundur telur að aðalkrafan skuli vera, eins og jafnan áður, frjálssar handfæraveiðar. Slíkar veiðar séu umhverfisvænar og geti aldrei, með neinum hætti, haft hin minnstu áhrif á viðgang neinna fiskistofna og ætti því ekki að vera háðar neinum takmörkunum. Þangað til stjórnvöld bera gæfu til að sjá þessa skynsamlegu tilhögun, telur fundurinn að nauðsynlegt sé að skipta sóknardögum niður í klukkustundir og mæla sókn í klukkustundum en ekki dögum, eins og gert hefur verið. Með því



megi koma í veg fyrir lögbrot og brot gegn alþjóðasamningum hvað varðar hvíldartíma og vinnuálag.

### Krókaafلامark

Með tilkomu þessara laga verður fiskveiðum Íslendinga stjórnað samkvæmt þremur veiðikerfum:

Sóknardagakerfi

Krókaafلامark

Aflamark

Krókaafلامark og aflamark byggja á kvótasetningu flestra tegunda. Í aflamarki eru engar takmarkanir á hvaða veiðarfærum er heimilt að beita við veiðarnar. Í krókaafلامarki er hins vegar óheimilt að nota önnur veiðarfæri en handfæri og línu. Við línuveiðar fellur til margvíslegur kostnaður, sem ekki er við önnur veiðarfæri. Má þar nefna beitu, laun við beitningu, húsnæði til beitningar, geymslu línunnar og fleira.

Til að draga úr þessari mismunun milli veiðarfæra leggur LS til að allur afli sem veiddur er á línu af dagróðrabátum, þar sem beitt er í landi, verði reiknaður með stuðlinum 0,8 til krókaafلامarks og aflamarks. Stuðullinn myndi hvetja til aukinna línuveiða og sporna við ört vaxandi atvinnuleysi og minnkandi framboði á hágæða hráefni. Skal þess getið að eftirspurn eftir fiski sem veiddur er með umhverfisvænum hætti (þá nefnd lína og handfæri) er langt umfram framboð. Þessi fiskur skilar þjóðinni hæstu útflutningstekjum sem þekkjast fyrir viðkomandi tegundir.

Ennfremur hafa fiskifræðingar lagt til að dregið skuli úr sókn í stærsta þorskinn, en ákvæðið gæti einmitt stuðlað að því að t.d. netabátar sæju möguleika á öðru en að eltast við þann fisk og snúið sér þess í stað að línuveiðum.

### Aflamark

Á fundi sem undirritaðir áttu með sjávarútvegsnefnd hinn 13. nóvember s.l. kom fram hjá nefndarmönnum áhugi á stöðu aflamarksbáta, en eins og kunnugt er hefur hún verið afar slæm til fjölda ára. Undirritaðir fagna heilshugar þessum áhuga og vilja af því tilefni enda erindi þetta á ályktunum aðalfundar LS 2001 á samþykktum sem sérstaklega fjalla um þeirra málaflokk:


„Aðalfundur telur að gæta verði hófs í skyndilokunum þar sem svo hagar til að strandveiðiflotinn gæti jafnvel útilokast um lengri tíma.

Aðalfundur efast ekki um að staða aflamarksbáta er engan veginn viðunandi. Telur fundurinn að svigrúm sé fyrir stjórnvöld að leiðrétta hlut þessara báta með línutvöföldun og yrði hún að vera bundin dagróðrabátum. Fundurinn mótmælir kvótasetningu á keilu, löngu og skötusel.

Það er eindregin skoðun Landssambands smábátaeigenda að Jöfnunarsjóðinn beri að festa í sessi, sem varanlegar aflaheimildir, til smábáta á aflamarki.”

Virðingarfyllt

fh. Landssambands smábátaeigenda



Arthur Bogason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri